



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um verslun og áfengi nr. 86/2011 (156. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér endurskoðaðar heimildir til handa ÁTVR að hafna áfengi.

Heilt yfir tekur Viðskiptaráð undir ítarlega [umsögn Félags atvinnurekenda](#) um frumvarp þetta. Þar er farið gaumgæfilega yfir ákveðna annmarka á frumvarpinu hvað varðar samspil þess við EES rétt, stjórnarskrá lýðveldisins og þann dóm EFTA dómstólsins sem ætlunin er að bregðast við með frumvarpinu. Óþarft er að tíunda þessa þætti hér heldur látið nægja að hvetja nefndina til að ígrunda vel athugasemdir FA enda umfang þeirra slíkt að frumvarpið virðist vera illa hæft til þinglegrar afgreiðslu.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri